

Félag fréttamanna á RÚV

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8
150 Reykjavík

Reykjavík 25. febrúar 2020

Efni: Umsögn Félags fréttamanna um 82. mál: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga og lögum um hlutafélög

Félag fréttamanna styður frumvarpið eindregið. Gjaldfrjáls aðgangur að ársreikningum og öðrum opinberum upplýsingum um íslensk fyrirtæki myndi gagnast bæði fjölmiðlum og öllum almenningi og styrkja gagnsæi og trúverðugleika í íslensku viðskiptalífi. Greiður aðgangur að upplýsingum úr viðskiptalífinu er líka mikilvægur þáttur í vörnum gegn peningþvætti.

Opinn aðgangur gæfi almenningi og blaða- og fréttamönnum stóráukna möguleika á að rannsaka og fjalla um spillingu í samfélaginu og draga fram ýmis mikilvæg atriði í rekstri fyrirtækja. Jafnframt væri loksins mögulegt að vinna umfangsmiklar greiningar á rekstrarafkomu, arðgreiðslum og eignarhaldi í einstökum atvinnugreinum eða viðskiptablokkum. Gjaldfrjáls aðgangur myndi líka auka traust almennings á þeim stofnunum sem sýsla með opinberar upplýsingar, enda fengju fleiri möguleika á að rýna upplýsingarnar.

Ársreikningar eru mikilvæg rannsóknargögn fyrir fréttamenn. Í þeim koma ekki aðeins fram upplýsingar um rekstrarafkomu fyrirtækja, heldur líka um eignarhald þeirra, arðgreiðslur til hluthafa, hlutabréfa- og fasteignaeign fyrirtækjanna og verðmæti eigna.

Blaða- og fréttamenn gætu þurft að kaupa fjölmarga ársreikninga á stuttum tíma. Þetta á sérstaklega við í rannsóknarblaðamennsku, þegar fjalla á um tiltekna viðskiptablokkir eða umsvif tiltekinn manna. Ársreikningakaup, ásamt kaupum á upplýsingum úr hlutafélagaskrá, geta því fljótt náð háum fjárhæðum. Fréttastofur og ritstjórnir íslenskra fjölmiðla hafa því miður afar takmarkað fjármagn til slíkra kaupa.

Í Danmörku og Bretlandi er aðgangur að slíkum upplýsingum nú þegar gjaldfrjáls. Sömuleiðis í Lúxemborg, ríki sem oft hefur verið gagnrýnt fyrir leynd. Nú eru mikilvægar upplýsingar um fyrirtæki aðgengilegri í Lúxemborg en á Íslandi. Aðgangur að dönsku, bresku og lúxemborgsku fyrirtækjaskránum hefur nýst íslenskum blaðamönnum, og er afleitt að þeir hafi ekki sama aðgang að íslenskum upplýsingum.

Félag fréttamanna fagnar því frumvarpinu og telur ríka almannahagsmuni vera fyrir því að það verði samþykkt. Þannig hefðu fjölmiðlar aukin tækifæri á að koma á framfæri upplýsingum um fjársterka aðila í samfélaginu og innbyrðis tengsl þeirra, og veita þeim aðhald. Nauðsyn þess varð öllum augljós eftir efnahagshrunið.

Óhjákvæmilegt er að benda á að í núverandi formi næði frumvarpið aðeins til hluta þeirra upplýsinga sem nauðsynlegt er að verði gerðar gjaldfrjálsar, eins og er útlistað í erindi sem

Ríkisskattstjóri sendi þingnefnd þegar málið var fyrst flutt, á 148. löggjafarþingi (<https://www.althingi.is/altext/erindi/148/148-422.pdf>). Þar segir: „Í frumvarpinu er ekki lögð til breyting á lögum um einkahlutafélög. Verður að telja eðlilegt, ef ætlunin er að veita gjaldfrjálsan aðgang, að setja einnig inn ákvæði um gjaldfrjálsa rafræna uppflettingu á upplýsingum um þau. [...] Sama á við um: Lög um samvinnufélög nr. 22/1991, lög um sameignarfélög nr. 50/2007, lög um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð nr. 42/1903, IV. kafli.“

Félag fréttamanna telur brýnt að þingmenn kynni sér athugasemdir Ríkisskattstjóra og útvíkki gildissvið frumvarpsins áður en það verður samþykkt, líkt og Ríkisskattstjóri leggur til.

Einnig er afar mikilvægt að skýrt verði kveðið á um að aðgangur að þessum opinberu skrár nái til frumgagna (sjálfra rafrænu skjalanna), en ekki aðeins til þeirra takmörkuðu upplýsinga sem skráðar hafa verið upp úr skjölunum í gagnagrunna fyrirtækjaskrár.

Jafnframt er nauðsynlegt að aðgangurinn verði án sérstakra takmarkana og að hægt verði að óska eftir gagnasöfnum fyrirtækjaskrár í heild, sbr. markmið [laga um endurnot opinberra upplýsinga](#) sem tóku gildi 2018. Slíkt er nauðsynlegt til að hægt sé að vinna ítarlegar greiningar út frá upplýsingunum.

Félag fréttamanna lýsir sig reiðubúið til að senda fulltrúa sína á fund með þingnefndinni til að kynna sjónarmið félagsins frekar.